



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun.
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 8. janúar 2020

2001025SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að rg. um Fiskeldissjóð, mál 314/2019

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnarráðsins frá 18. desember 2019 þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint mál.

Almennt

Í upphafi telur Samband íslenskra sveitarfélaga óhjákvæmilegt að halda því til haga að við setningu laga um gjalddöku af fiskeldi lagðist það ásamt Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga eindregið gegn þeirri leið að stofna sérstakan sjóð til að ráðstafa hluta tekna ríkisins af gjalddöku á fiskeldisstarfsemi. Á allan hátt væri eðlilegra að sveitarfélögin fengju í sinn hlut beina hlutdeild í tekjum af slíkri starfsemi til að standa undir nauðsynlegri innviðauppgjöngu.

Uppbygging atvinnugreinar eins og fiskeldis hefur mikil og jákvæð áhrif á byggðaðþróun. Samfara mikilli uppbyggingu þarf hins vegar einnig að bregðast við. Því verður ekki horft framhjá þeirri erfiðu staðreynd að töluverð þörf er á framkvæmdum í höfnum, bæði til viðhalds og nýframkvæmda á næstu árum, auk margvíslegra annarra innviðaframkvæmda sem leitt geta af fjölgun íbúa. Sjóði sveitarfélaga á ekki að nota til fjárfestinga sem áhætta fylgir og útgangspunktur í rekstri sveitarfélaga á að vera geta þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum með fullnægjandi hætti. Það er því ljóst að sveitarfélögin þurfa á sérstökum tekjum að halda sem renni beint til viðkomandi sveitarfélaga og tengjast innviðauppgjöngu í tengslum við fiskeldi.

Að áliti sambandsins er það fyrirkomulag að úthluta fjármunum til sveitarfélaga í gegnum Fiskeldissjóð einungis tímabundið ástand og stefna beri að því að sveitarfélög fái sem fyrst beinar tekjur af fiskeldisstarfsemi.

Þrátt fyrir framangreinda afstöðu vill sambandið óska eftir fundi með ráðuneytinu til að fara yfir helstu ábendingar við drög að reglugerð um Fiskeldissjóð, f.h. sambandsins og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Almennar ábendingar við drögin

Um stjórn Fiskeldissjóðs

Hægt er að orða 3. gr. um stjórn sjóðsins töluvert skýrar. Gerð er athugasemd við að Samband Íslenskra sveitarfélaga tilnefni ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins og er farið fram á að þeir ráðherrar sem ráða skipan stjórnar hugi sérstaklega að því að í henni eigi sæti fulltrúar með þekkingu á málefnum þeirra byggða þar sem fiskeldisstarfsemi fer einkum fram.

Einnig þarf að fara yfir 4. gr. um verkefni stjórnar og endurraða tölulíðum. Það er augljóslega ekki helsta verkefni stjórnar að gera ársreikning heldur mun hún eingöngu samþykkja hann. Meginverkefnið er að undirbúa og annast úthlutun styrkja til verkefna og gæta sérstaklega að því að verkefni sem styrkt eru séu í samræmi við markmið sjóðsins.

Þar sem ákvarðanir stjórnar verða endanlegar á stjórnarsýslustigi þarf að leggja mikla áherslu á að úthlutanir fari fram á grundvelli réttra upplýsinga og mögulega kveða á um frumkvæðisskyldu stjórnar til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga eða umsagna frá til þess bærum stjórnvöldum, s.s. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Byggðastofnun o.fl. Einnig þarf að vanda til rökstuðnings ákvarðana fyrir úthlutun úr sjóðnum.

Til að tryggja gegnsæi þarf að kveða á um ritun og birtingu fundargerða stjórnar.

Ut anumhald Fiskeldissjóðs

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði vistaður í ANR og að kostnaður við rekstur hans greiðist af ráðstöfunarfé hans. Gerð er sú krafa af hálfu sveitarfélaga að gerður verði samningur milli ráðuneytisins og sjóðsins um þá þjónustu sem sjóðurinn greiðir fyrir til ráðuneytisins. Einnig þarf verkaskipting milli stjórnar og ráðuneytis að vera skýr. Má sem dæmi nefna atriði allt frá boðun og ut anumhaldi funda til eftirlits með styrkveitingum.

Einnig þarf að tryggja að gætt sé hófs í ákvörðunum um kaup á sérfræðiþjónustu frá öðrum aðilum, þannig að ráðstöfunarfé sjóðsins renni því sem næst óskipt til sveitarfélaga.

Styrkveitingar

Almenn athugasemd er að um er að ræða úthlutanir til verkefna á vegum sveitarfélaga. Til að unnt sé að fara af stað með slík verkefni þarf að vera til staðar fjárheimild í fjárhagsáætlun viðkomandi sveitarfélags. Af þeirri ástæðu er ótækt að gert sé ráð fyrir að auglýst sé eftir styrkjum í febrúar. Eðlilegra væri að niðurstaða um úthlutanir liggi fyrir miklu fyrr, t.d. í október. Jafnframt er gerð athugasemd við að styrkir séu að jafnaði aðeins veittir til eins árs. Eðlilegra væri að hafa meiri sveigjanleika varðandi stærri verkefni.

Í reglugerðina vantar í raun allt kjöt á beinin um hvers konar verkefni falli undir gildissvið reglugerðarinnar. Úr því er nauðsynlegt að bæta til að tryggja sem mestan fyrirsjáanleika í framkvæmd. Sem dæmi má nefna að skýra þarf hvort hægt er að sækja um styrki til undirbúnings framkvæmda, s.s. hönnun.

Eðlilegt væri að kveða á um að stjórn sjóðsins gæti þess að verkefni falli vel að áætlunum sveitarfélaga, s.s. aðalskipulags og svæðisskipulags sé það fyrir hendi, sóknaráætlanu landshluta og Byggsááætlunar, eftir því sem við á.

Sambandið hefur allmargar athugasemdir við ákvæði um úthlutun styrkja, vanefndir o.s.frv., sem óskað er eftir að ræða nánar á fundi með ráðuneytinu.

Í reglugerðina vantar m.a. ákvæði um hvort heimilt er að endurúthluta fjármunum sem ekki munu nýtast á viðkomandi ári, s.s. vegna þess að verkefni munu fyrirsjáanlega tefjast.

Lokaorð

Umsögn þessi er unnin í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga. Áréttar sambandið ósk um að boðað verði til fundar þar sem fulltrúum sambandsins og samtakanna gefst færi á að fara nánar yfir framangreindar athugasemdir og ræða mögulegar breytingar á fyrirbyggjandi drögum að reglugerð.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

